

## Australian Shepherd – ársskýrsla tengiliðar 2022

Tengiliður tegundar hefur sett allar upplýsingar sem hafa komið frá HRFÍ vegna ársins 2022, inn á heimasíðu tegundar, [www.aussiehrfi.is](http://www.aussiehrfi.is).

Heildarskráning tegundar frá upphafi eru rúmlega 360 hundar skráðir hjá HRFÍ en því miður eru fráföll lítið tilkynnt til félagsins og erfitt að halda utan um eiginlega tölu lifandi hunda en mér telst til að það séu á milli 260 - 280 lifandi hundar með ættbók frá HRFÍ.

### Ræktun:

5 got frá 5 mismunandi ræktunum hlutu ættbók á árinu. 29 hvolpar í það heila, 15 rakkar og 14 tíkur.

- Fjallabaks - 8 hvolpar, 6 rakkar og 2 tíkur
- Víðigerðis - 6 hvolpar, 3 rakkar og 3 tíkur
- Laugardals - 7 hvolpar, 1 rakki og 6 tíkur
- Heimsenda - 4 hvolpar, 3 takkar og 1 tík
- Víkur - 4 hvolpar, 2 rakkar og 2 tíkur

Enginn innfluttur hundur fékk ættbók á árinu.

### Heilbrigðisniðurstöður:

17 ástralskir fjárhundar fóru í augnskoðun og stóðust hana allir, 13 voru með athugasemdalaus vottorð en 4 með athugasemdir.

Mjaðmaniðurstöðum (HD) var skilað fyrir 11 hunda á árinu og samtímis var olnboganiðurstöðum (ED/AD) skilað inn fyrir 3 þeirra.

### Árangur í vinnuprófum:

Einn rakki, Víkur Can't Help Falling In Love, fór í smalaeðlispróf á árinu og stóðst það og bætist því nafnbótin HIT aftan við nafnið hans.

Tvær tíkur stóðust bronspróf á árinu þær Víkur Black Pearl og Víkur Chocolate Crème Brulée.

Tíkin Undralands Sancerre hlaut titilinn OB-1 í hlýðni.

### Árangur á sýningum:

6 sýningar voru á árinu og með alls 241 skráningu í ástralskan fjárhund.

- Ein tík, Allmark La La Land, hlaut titilinn NordicCh.
- Ein tík varð íslenskur meistari, ISCh, á árinu, Víkur Dreams Do Come True.
- Ein tík varð íslenskur öldungameistari, ISVetCh, á árinu, Víkur American Beauty.
- Tveir íslenskir ungliðameistarar, ISJCh, bættust í hópinn á árinu en það voru þau Heimsenda Blá Þyrnir og Víðigerðis Dreymandi Dögun.
- Tveir hundar hlutu nafnbótina Reykjavík Winner 2022, RW-22, þau: Alcazar Dream Blue Venus At Heimsenda og Kraftbrewd's Blossi At Heimsenda
- Tveir hundar hlutu nafnbótina Island Winner 2022, ISW-22, þau: Alcazar Dream Blue Venus At Heimsenda og Kraftbrewd's Blossi At Heimsenda
- Ein tík, Víkur American Beauty, hlaut nafnbótina, Island Veteran Winner 2022, ISVW-22
- Tveir hundar hlutu nafnbótina, Island Junior Winner 2022, ISJW-22, þau: Laugardals Gleim - mér - ei og Fjallabaks Ýmir

Allar umsagnir og nánari niðurstöður frá sýningum ársins má finna inni á [www.hundavefur.is](http://www.hundavefur.is)

### **Stigahæstu hundar tegundar árið 2022:**

- Stigahæsta tík tegundar er USCH ISCH RW-22 ISW-22 Alcazar Dream Blue Venus At Heimsenda með 74 stig og er hún jafnframt stigahæsti hundur Fjár- og hjarðhundadeildar 2022.
- Stigahæsti rakki tegundar er ISCH USCH GBCH NLCH NORDCH RW-19-22 ISW-22 Kraftbrewd's Blossi At Heimsenda með 66 stig.
- Stigahæsti öldungur tegundar er C.I.B. ISCH ISVetCh NLM RW-18-21 ISVW-22 Víkur American Beauty með 38 stig og er hún jafnframt stigahæsti öldungur Fjár- og hjarðhundadeildar 2022.
- Stigahæsti ungliði tegundar er IsHruna Bonnie Parker með 8 stig.
- Stigahæsti vinnuhundur tegundar er OB-1 Undralands Sancerre með 11 stig.
- Stigahæstu ræktendur tegundar er Víkurræktun, Maríanna Gunnarsdóttir og Ólafur Örn Ólafsson, með 23 stig.

Marianna Gunnarsdóttir

Tengiliður Australian Shepherd